

145. fundargerð

skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms

30. mars 2012

145. fundur skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms var haldinn 30. mars 2012 kl. 15 á skrifstofu skólastjóra.

Dagskrá

1. Skýrsla skólastjóra
2. Fjármál (skólagjöld, niðurskurður, jöfnunarsjóður)
3. Skólanámskráin endurskoðuð
4. Önnur mál

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Jósep Ó. Blöndal og Unnur Sigmarsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Skýrsla skólastjóra

- Í febrúar voru tónfundir hjá öllum kennurum og á þeim tónfundum fengu áhorfendur að kjósa það atriði sem þeir vildu heyra á degi tónlistarskólanna. Dagur tónlistarskólanna var haldinn laugardaginn 25. febrúar með tónleikum í Stykkishólmskirkju sem heppnuðust mjög vel. Tónlistarskólinn sendi þrjú atriði sem kepptu svo á svæðistónleikum Nótunnar á Akranesi 10. mars og fengu öll atriðin sérstaka viðurkenningu þar. Trommusveitin fór á lokahátíðina sem eitt af þremur bestu atriðum Vesturlands og Vestfjarða sem haldin var í Eldborg 18. mars og fékk trommusveitin verðlaun fyrir samspil á grunnstigi og fór í sjónvarpsupptöku. Þátttaka í Nótunni var tónlistarskóla Stykkishólms til mikils sóma.
- Vortónleikar lúðrasveitarinnar verða haldnir 26. apríl og daginn eftir fer Litla lúðró á landsmót skólalúðrasveita á Akureyri. Vorpróf verða haldin vikna 30. apríl - 4. maí og vortónleikar 7.-11. maí. Skólaslit verða svo haldin fimmtudaginn 17. maí.
- Farið var yfir drög að skóladagatali næsta skólaárs og var það samþykkt miðað við 35 vikur. Rætt var um plön fyrir næsta skólaár og skipulag kennslu.
- Kennaratónleikar voru haldnir föstudag 23. mars og voru þeir vel lukkaðir.
- Hrefna Garðarsdóttir flyst alfarið í Grunnskólann og því þarf tónlistarskólinn að auglýsa eftir manneskju í hennar stað.

2. Fjármál

- Skólanefnd leggur til að skólagjöld verða hækkuð fyrir næsta skólaár í samræmi við verðlagsþróun (5,3%). Málið verður aftur tekið fyrir á næsta fundi skólanefndar.
- Ræddar voru ýmsar hugmyndir um niðurskurð. Sótt verður um jöfnunarsjóð fyrir nemendur á framhaldsstigi og fyrir nemendur á miðstigi og framhaldsstigi í söng.

3. Skólanámskráin endurskoðuð

Yfirfarin og samþykkt!

4. Önnur mál

- Forseti bæjarstjórnar kom með fyrirspurn um að meiri samvinna yrði meðal tónlistarskólanna á Snæfellsnesi. Umræða skapaðist um að kenna jafnvel fræðigreinar í tónlist í Fjölbrotaskóla Snæfellinga og þar hefur skólameistari FSN sýnt áhuga á að koma því í kring.
- Skólastjóri kynnti fyrir okkur athugasemdir sem Jóhanna ætlar að leggja fyrir Berg og Gyðu um hvað þarf að lagfæra innanhús og utan hús.
- Leitað var til skólans um að hafa danskennslu í maí eftir skólaslit.
- Fyrir liggur að formaður skólanefndar hættir í vor.
- Rætt um fyrirkomulag tónfunda og tónleika.

Fundi slitið kl. 16:40

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign)

Jósep Ó. Blöndal (sign)

Sigurborg Sturludóttir (sign)

Unnur Sigmarsdóttir (sign)